

# Starfsskilyrði fyrir steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

## 1. MENGUNARVARNIR

|     |   | Rgl.nr.  |
|-----|---|--|
| 1.1 | Olúgeymar skulu vera í olúhældum þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olúhældu plani með afrennsli í samþykktu olúskilju. Olúuáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem er tengt olúskilju. Afla þarf leyfis byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar fyrir frágangi, staðsetningu og stærð olúgeyma. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olúskilju.   | 884/2017   |
| 1.2 | Staðsetja skal flát undir fljótandi mengandi efnavöru, þ.m.t. olúefni, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.   | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>43. gr., 50<br>gr.<br>809/1999 7.<br>gr. |
| 1.3 | Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olúur og olúefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olúmottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.  | 798/1998<br>5. gr.<br>884/2017<br>63. gr                                   |
| 1.4 | Rekstraraðili skal tryggja að ryk og fok á jarðefnum frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarka með því m.a. að:<br>a) Hráefnislager (sandur, mól o.s.frv.) skal geyma í aðgreindum og afskermuðum hólum. Efnislager skal ekki vera hærri en veggir utan um hólfin. Ef þörf krefur skal nota vatn eða samþykkt rykbindiefni til að lágmarka rykmyndun frá efnishaugum.<br>b) Fínefni (t.d. sement) skal eingöngu geyma í lokuðum efnissílóum eða í lokuðum geymslum.<br>c) Hafa akstursleiðir, bílaplön og geymslusvæði með bundnu | 788/1999,<br>rgl. nr.<br>787/1999,<br>rgl. nr.<br>920/2016                 |

|  |  |
|--|--|
| <p>slitlagi til að auðvelda hreinsun.</p> <p>d) Skipuleggja reglubundin þrif á akstursleiðum, geymslusvæðum og plönnum, þannig að sem minnst óþægindi og mengun vegna ryks stafi frá þessum svæðum.</p> <p>e) Á stöðinni sé aðgengilegur búnaður til dekkjapvotta fyrir steypu- og vöruflutningabifreiðar og önnur þungavinnutæki.</p> |  |
|--|--|

## 2. FRÁVEITA

|     |  | Rgl.nr.  |
|-----|--|----------|
| 2.1 | Fráveituvatn frá steypustöð, allri þvottaaðstöðu fyrir búnað, tæki og bifreiðar, endurvinnslustöð, akstursleiðum í kringum steypustöð og öðrum þeim stöðum þar sem líkur eru á sementsríku vatni, skal leitt eftir atvikum í sandfang, setþró eða annan búnað með sambærilega virkni áður en það fer í fráveitu sveitarfélags eða í annan móttaka í samræmi við lóðarskilmála.<br>Fyrirkomulag fráveitu skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykktar. | 798/1999 |
| 2.2 | Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun í starfseminni til að draga úr álagi á fráveitukerfi og viðtaka.  | 550/2018 |
| 2.3 | Lágmarka skal eins og kostur er notkun á hættulegum eða umhverfisskaðlegum efnum s.s. við hreinsun tækja og steypumóta. Velja skal umhverfisvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem sé aðgengileg í eftirliti.   | 550/2018 |

## 3. ÚRGANGUR

|     |  |                     |
|-----|--|---------------------|
| 3.1 | Rekstraraðili skal leita leiða til að endurvinna og endurnýta afgangssteypu. Rekstraraðili skal skila úrgangssteypu, sem ekki er unnt að endurvinna, og ónýtum steypueiningum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva fyrir úrgang. Geymsla á úrgangsefnum á lóð skal halda í lágmarki. | 737/2003<br>11. gr. |
|-----|--|---------------------|

### Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.